



Mér finnst ég varla heill né hálfur maður  
og heldur ósjálfbjarga, því er verr.  
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður  
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.  
Eftir bjartan daginn kemur nótt.  
Ég harma það, en samt verð ég að segja,  
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,  
gleymt okkur með blómunum.  
Er rökkvar ráðið stjörnumál.  
Gengið saman hönd í hönd,  
hæglát farið niður á strönd.  
Funduð stað, sameinað, beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,  
Í sálu minni hefur gríma völd.  
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;  
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.  
Eftir bjartan daginn kemur nótt.  
Ég harma það, en samt verð ég að segja,  
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn  
hvort gangir þú um hliðið inn.  
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.  
Ég rýni út um rifurnar.  
Ég reyndar sé þig alls staðar.  
Þá napurt er, það nærðir hér og nístir mig.  
*Jóhann Helgason - Vilhjálmur Vilhjálmsson*

**Faðir vor**



**Einsöngur**  
*Ferjumaðurinn*  
*Magnús Eiríksson*

**Moldun**

**Almennur söngur**

Nú legg ég augun aftur,	Ég fel í forsjá þína,
ó, Guð, þinn náðarkraftur	Guð faðir, sálu mína,
mín veri vörn í nótt.	því nú er komin nótt.
Æ, virst mig að þér taka,	Um ljósið lát mig dreyma
mér yfir láttu vaka	og ljúfa engla geyma
þinn engil, svo ég sofi rótt.	öll börnin þín, svo blundi rótt.
<i>Foersom / Sveinbjörn Egilsson -</i>	<i>Matthías Jochumsson -</i>
<i>P.C. Krossing 1820</i>	<i>P.C. Krossing 1820</i>

**Blessun**

**Eftirspil**  
*Pílagrímakórinn*  
*Richard Wagner*

*Prestur: sr. Þráinn Haraldsson*  
*Organisti: Viðar Guðmundsson*  
*Söngur: Tindatríó - Atli Guðlaugsson,*  
*Bjarni Atlason og Guðlaugur Atlason*  
*Útfararþjónusta Akraneskirkju*

**Jarðsett verður í Kirkjugarði Akraness að bálför lokinni**  
**Ástvinir þakka samúð og vinarhug og bjóða viðstöddum**  
**að þiggja veitingar í Safnadarheimilinu Vinaminni**  
**að athöfn lokinni**



**Ólafur Eyberg**  
**Guðjónsson**

*Fæddur 10. júlí 1935*  
*Dáinn 27. október 2024*



*Útför frá Akraneskirkju*  
*fimmtudaginn 7. nóvember 2024*

## Tónlist fyrir athöfn

### **Forspil**

*Ave María*

*Sigvaldi Kaldalóns*

### **Bæn**

Á hendur fel þú honum,  
sem himna stýrir borg,  
það allt er áttu' í vonum  
og allt er veldur sorg.  
Hann bylgjur getur bundið  
og bugað storma her,  
hann fótstig getur fundið  
sem fær sé handa þér.

Ó, þú, minn faðir, þekkir  
og það í miskunn sér  
sem hagsæld minni hnekkir  
og hvað mér gagnlegt er  
og ráð þitt hæsta hlýtur  
að hafa framgang sinn  
því allt þér einum lýtur  
og eflir vilja þinn.

Mín sál, því örugg sértu  
og set á Guð þitt traust.  
Hann man þig, vís þess vertu,  
og verndar efalaust.  
Hann mun þig miskunn krýna.  
Þú mæðist litla hríð.  
Þér innan skamms mun skína  
úr skjújum sólin blíð.

*M. Haydn - Björn Halldórsson*

### **Ritningarorð**



Gamli góði vinur, glaðir gengum við oft forðum  
en við gátum líka skipst á grát og grimmdarorðum.  
Þú varst ekki betri en ég, uppátækin furðuleg  
og eftir skólaár við héldum hvorn sinn veg.  
Út í kaldlynd hversdagsstríð, kepptum við af krafti um hríð  
að sama marki gegnum áralanga tíð.

Gamli góði vinur, nú er gróíð yfir sporin  
með Sjenna bróður sem við gengum oft á vorin.  
Ég slæ ei lengur þitt bak, við látum duga handartak.  
Við þykjumst vera orðnir menn og engum háðir.  
En þegar vínið vermir sál við tölum ennþá sama mál,  
þó er það af sem áður var vitum við báðir.

Gamli góði vinur, enginn greinir lengur brosið,  
er það ofan í dagsins gráma orðið frosið?  
Þú varst ekki betri en ég, uppátækin furðuleg  
og eftir skólaár við héldum hvor sinn veg.  
Út í kaldlynd hversdagsstríð, kepptum við af krafti um hríð  
að sama marki gegnum áralanga tíð.

*Magnús Eiríksson*

### **Ritningarorð**

Ég var á ferð og flugi ástin mín,  
og alltof sjaldan fékk ég notið þín.  
Þvílíkar tarnir enn ég ekki skil,  
því miklu minna hefði dugað til.


Og vorið leið og við tók sumarið  
við áttum samleið, gengum hlið við hlið.  
Lifðum marga gleð' og gæfustund,  
við örlög grá, við áttum seinna fund.

Lífið er vatn sem vætlar undir brú,  
og enginn veit hvert liggur leiðin sú.  
En þegar lýkur jarðlífsöggunni,  
aftur hittumst við í blómabrekkunni

Og þó nú skilji leiðir að um sinn,  
þér alltaf fylgir vinahugur minn.  
Ég þakka fyrir hverja unadsstund,  
við munum aftur eiga endurfund.

Alltaf fjölgar himnakórnum í,  
og vinir hverfa, koma mun að því.  
En þegar lýkur jarðlífsöggunni,  
aftur hittumst við í blómabrekkunni  
En þegar lýkur jarðlífsöggunni,  
aftur hittumst við í blómabrekkunni

*Magnús Eiríksson*



### **Guðspjall**

Ég lít í anda liðna tíð,  
er leynt í hjarta geymi.  
Sú ljúfa minning létt og hljótt,  
hún læðist til mín dag og nótt,  
svo aldrei, aldrei gleymi,  
svo aldrei, aldrei gleymi.

*Sigvaldi Kaldalóns - Halla Eyjólfsdóttir*

### **Minningarorð**

#### **Einsöngur**

*Í fjarlægð*

*Karl O. Runólfsson - Valdimar Hólm Hallstað*

### **Bæn**

